

Fundargerð 193. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 13. febrúar 2025, kl. 09:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, formaður, Einar Sveinn Kristjánsson og Sigurður Gunnar Benediktsson, Gunnar Sigurðsson, Pétur Freyr Jónsson og Kristmundur Skarphéðinsson

Fjarfundur: Helgi Már Sigurgeirsson og Ingi Bogi Hrafnsson,

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir

Dagskrá :

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr. 192

Fundargerð send á stjórnarmenn í tölvupósti. Engar athugasemdir bárust og hefur hún því verið send til rafrænnar undirritunar.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

- Það hefur verið mikið að gera varðandi ýmis mál hjá fiskiskipasjómonnum þá aðallega í sambandi við launamál.
- Fundur var hjá öryggisnefnd sjómanna sem búin var til í síðustu kjarasamningum í þeim tilgangi að reyna fækka slysum.
- Vinna hefur verið við að endurskoða verðkúrfur fyrir bolfisk sem Verðlagsstofa notar til viðmiðunar við verðlagningu við verðákvörðun á botnfiski.
- Fundað hefur verið með FS og SSÍ um 36.gr sjómannalaga sem fjallar um veikinda og slysarétt með tilliti til róðrakerfa og skiptingu launa. SFS er búið að senda inn tillögu til Alþingis því þarf að breyta lögunum. Þau byggðu tillöguna á skilningsblaði sem við skrifuðum undir við kjarasamningana. Við hjá stéttarfélagunum erum ekki alveg sammála því að það sé nákvæmlega það sem við vorum að meina, þarf samt að snyrta það til. Sjómannafélögin eru byrjuð að funda saman með lögfræðingum, Jónas er fyrir okkur. Óskaði er eftir að samninganefnd sjómanna verði kölluð á fund til að fara yfir þetta áður en skrifað er undir eitthvað.
- Þá hefur verið að fjölga undanþágum fyrir vélstjóra á fiskiskipum. Undanþágum fyrir yfirvélstjóra hefur fjölgað eftir að undanþágunefnd var lögð niður og erum við að greina það.
- Þá var stjórnarfundur hjá Fiskifélagi Íslands um undirbúning aðalfundar og framtíð félagsins. Það var samþykkt á síðasta aðalfundi að leggja félagið niður en það á eftir að ákveða hvernig menn klára þá peninga sem eru þar inni. Það þarf að kjósa aftur stjórnarmenn á næsta aðalfundi. Formaður situr þar fyrir VM og óskaði eftir samþykki

að halda þar áfram sem okkar fulltrúi til þess að klára það mál. Samþykkt að formaður sitji áfram.

- Þá hefur verið fundað í Heilbrigðisnefnd og Lífeyrisnefnd ASÍ. Eins hefur formaður setið tvo fundi í miðstjórn í fjarveru Formanns Matvís, en hann er aðalmaður fyrir beina aðild og ég er varamaður hans. Forseti ASÍ er með ýmsar hugmyndir um breytingar m.a. að fara að vinna nánar með vinnustaðaeftirlitum. Einmitt núna er fundur hér í húsinu með ASÍ og vinnustaðaeftirliti um nánari samvinnu.
- Núna eru að ganga í garð aðalfundir hinna ýmsu félaga og meðal annars lífeyrissjóða. Það var haldinn fundur hjá Birtu með fulltrúaráðinu þar sem meðal annars voru kynntar nokkrar lykiltölur og kom þar fram að raunávöxtun samtryggingarinnar var um 6%. Einnig er búið að halda tvo stjórnarfundu hjá Gildi síðan við funduðum síðast og er verið að undirbúa aðalfund og þar er raunávöxtun samtryggingarinnar um 6,6%. Þannig að við getum verið sáttir við útkomu ársins hjá þeim. Ég kem svo betur að fulltrúaráðum sjóðanna undir önnur mál.

3. Tótal tölvukerfi – staðan

Formaður fór yfir glærur frá sem Benóný um það hver staðan er á innleiðingunni. Þar var farið yfir helstu atrið sem og tekjur og sparnað.

4. Styrkbeiðnir

- Formaður fór yfir beiðnir sem hafa borist. Á síðasta fundi var óskað eftir að fá eitthvað nánar um minnisvarðann um síðutogara á Akureyri og formaður fór yfir upplýsingarnar sem bárust. Formaður óskaði eftir tillögum um styrk frá stjórnarmönnum. Tillaga um 150.000 kr. og var það samþykkt.
- Leikhús á Akureyri, bréf barst frá Freyvangsleikhúsinu með tilboði fyrir eldir félaga. Samþykkt að greiða fyrir okkar menn sem vilja fara. Ákveðið að senda á alla félagsmenn yfir 67 ára.
- Námskeið hjá Endurmenntun á Vestfjörðum. Ákveðið að senda á félagsmenn fyrir vestan og benda þeim á námskeiðin og fræðslusjóð félagsins.
- Framlag til kvennaárs. Málið er í vinnslu

5. Önnur mál

- Fulltrúaráð Lífeyrissjóðanna Gildis og Birtu. Tilnefna þarf í fulltrúaráð þeirra á 2ja/3ja ára fresti. Það munu a.m.k. tveir detta út úr fulltrúaráðinu hjá Birtu. Vinnureglan við fulltrúaráðið er að varamenn færast upp í aðalmann ef menn hætta og við bætum við varamönnum. Bent var á einn sem sagður er hafa mikinn áhuga, formaður heyrir í honum. Þarf til fundar fulltrúaráðanna til að samþykkja listann sem verður lagður fram.
Varðandi Gildi, þar eigum við þrjá menn af áttatíu. Formaður mun heyra í þessum mönnum hvort þeir vilja vera áfram.
- Ágúst kom inn fundinn. Það hefur verið rætt hér innandyra að við tökum meiri þátt í ungliðahreyfingum. Ágúst fór fyrir okkar hönd á fund ungliðahreyfingar Nordic IN og fór yfir þá starfsemi. Aðild VM í IndustriAll er í gegnum Nordic IN. Þetta er tenging yfir í aðalnefnd Nordic IN. Þarna er stefnan mótuð fyrir IndustriAll fundina. Við eigum

stjórnarmenn í ungliðahreyfingunni og þarna eru allskonar nefndir sem hægt er að vera í. Spurningin er ef við komum upp sterkri tengingu í gengum ungliðahreyfinguna þá verðum við betur tengd. Hann benti á að í sumar verði félagsmálaskóli, aldurstakmörk eru 35 ára. Sniðugt að senda fulltrúa í hann. Skólinn kostar í kringum 75. þúsund. Formaður sagði frá því að þegar hann kom inn þá var búið að skipta á milli okkar og Samiðnar þannig að Samiðn situr fyrir okkur á Nordic IN fundunum og við förum á fundi IndustirAll í Brussel. Formaður hefur rætt við formann Samiðnar um að félögin skipti þessu frekar fjögur ár í öllu í senn, og tók hann vel í það. En spurningin er viljum við vera í þessari ungliðahreyfingu. Við þurfum að taka ákvörðun, Formaður stakk upp á að hugsa þetta og taka upp í apríl. Spurt var hvernig við finnum kandiádata í þetta. Við myndum heyra í okkar mönnum í ASÍ ung. Ákveðið að senda einhverja út og taka svo stöðuna, sjá hvað þeim finnst og hvort haldið verður áfram.

- Bent var á að varðandi könnunina sem send var út, það er ekki hlekkur í póstinum eða leiðbeiningar. Formaður ætlar að kanna hvar þetta hefur klikkað. Annað mál, til að standa við loforðin um ASÍ frá síðasta aðalfundi þá verðum við að fara að gera eitthvað. Formaður sagðist vera búinn að tala við formann ASÍ og þeir eru að finna tíma til að halda fundi. Verðum að byrja á kynningarfundum áður en farið verður að senda út könnun um hvort við viljum vera með eða ekki.

Fundi slitið 11:35

Fundarritari: Áslaug R. Stefánsdóttir